

10. febrúar 2022  
Tilv.: 2201343

Nefndasvið Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

*Efni:* Frumvarp til laga um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði, 152. löggjafarþing, 244. mál

Með tölvupósti dags. 27. janúar 2022 óskaði efnahags- og viðskipta-nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp. Seðlabankinn styður framgang frumvarpsins en telur ástæðu til að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um eftirlit og upplýsingagjöf, án þess að fram komi hvaða aðili er lögbært yfirvald í skilningi reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 og 346/2013. Tilgreiningin á lögbæru yfirvaldi/stjórnvaldi hefur bæði þýðingu gagnvart markaðinum og eftirlitsskyldum aðilum og gagnvart lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja og stofnunum EFTA og ESB. Í nýlegum lögum á fjármálamarkaði hefur verið tekið fram að Seðlabanki Íslands sé lögbært yfirvald, sbr. t.d. 33. tl. 1. mgr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, 3. mgr. 3. gr. laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 55/2021 um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinnna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta. Er því lagt til að eftirfarandi málsgrein (3. mgr.) verði bætt við 4. gr:

Seðlabanki Íslands er lögbært yfirvald í skilningi reglugerða (ESB) nr. 345/2013 og nr. 346/2013.

Í 5. tl. 1. mgr. 5. gr. segir að heimilt sé að „*gripa til annarra viðeigandi ráðstafana*“. Ólíklegt er að við eftirlitsstarfsemi yrði gripið til annarra ráðstafana en eru sérstaklega tilteknar í lögum. Er því lagt til að fella 5. tl. 5. gr. á brott.

Í 8. mgr. 8. gr. segir að um viðurlög gagnvart hverjum þeim lögaðila eða einstaklingi sem brýtur gegn ákvæðum laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, fari samkvæmt XI. kafla þeirra laga. Að mati Seðlabankans er skýrt að um viðurlög skv. lögum nr. 45/2020 fari eftir þeim lögum og því óþarfi að tiltaka það sérstaklega í lagatexta. Er því lagt til að málsgreinin verði felld brott en sama efni verði rakið í athugasemdum í greinargerð við frumvarpið.

Í c. lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins kemur fram að við ákvörðun stjórnarsýsluviðurlaga skuli m.a. taka tillit til „*fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af ársveltu lögaðila eða árstekjum og eignum einstaklings*“. Lagt er til að gætt sé samræmis við aðra lagabálka, sjá t.d. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, og eingöngu sé litið til árstekna en ekki eigna einstaklinga. Því er lagt til að ákvæðið verði svohljóðandi:

fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af ársveltu lögaðila eða árstekjum einstaklings.

Í f. lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins kemur fram að við ákvörðun stjórnarsýsluviðurlaga skuli m.a. taka tillit til „*fyrri brota hins brotlega*“. Lagt er til að að stafliðurinn orðist svohljóðandi: „*fyrri brota hins brotlega og hvort um ítrekað brot er að ræða*“.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofu bankastjóra

Guðrún Finnborg Þórðardóttir  
forstöðumaður  
skrifstofu bankastjóra